



Afstöðumynd 1:500

Erindis lýsing 30.04.2018:

Lóð Selhelli 7 og 9 eru sameinaðar í eina lóð. Á lóð Selhelli 7 er sótt um að byggja 1742.0 m² og 10.474.2 m³ byggingu. Stefnir er að húsið hýsi starfsemi Hraðflutninga ehf. Byggingin samanstendur af 1.071.8 m² lagerbyggingu og 516 m² skrifstofurými og matsal. Samanlögð lóðastærð Selhelli 7 og 9 er 13.651.3 m2. Nýtingathlutfall er 0.39.með byggingu á Selhelli sem er 3.510. m2.

Starfsemi nýbyggingarinnar er náteynd starfsemi nú er á Selhelli 9, því verður matsalur nýbyggingarinnar sameiginlegur fyrir starfsfólk og tengist Selhelli 9 með 42.4 m² göngubrú. Aðkoma að hvoru húsi fyrir sig er aðskilin vegna hæðamismunna.

Skrifstofubygging og matsalur.

Byggingin er einnar hæðar. En þar sem matsalur tengist 2. hæð Selhelli 9 er hæðamunur á gólf matsals og skrifstofu. Í stað þess að stalla þak er því hallað frá norðri til suðurs. Þetta mun gera skrifstofurýmið mjög spennandi sérstaklega þar sem rýmið er opið vinnusvæði og þar sem engir veggir ná til lofts mun lofthallinn því njóta sín til fulls.

Aðkomuhlið til vesturs er brotin upp í þrjá sjálfstætt standandi vegghluta tengdir saman með gleri. Veggirnir eru klæddir zinki og cortenstáli utan sem innan. Aðalíngangur er um gler-rennilurðir í miðvegg.

Starfsmannainngangur er við suðurhlíð. Þar er gert ráð fyrir fatahengi í anddyri, kynjaskiptri snyrtingu, þar af ein fyrir hreyfihamlaða og ræstingu. Þaðan er einnig aðgangur inn í lagerhúsnæði. Gert er ráð fyrir að 20-25 manns starfi á skrifstofunni.

Matsalur.

Matsalur er fyrir starfsmenn beggja húsa. Eldhúsið er framreiðslueldhúsið og ekki gert ráð fyrir neinni eldun nema þá upphitun t.d. súpur. Allur matur er aðsendur. Í eldhúsi eru bæði frýstir og kæli. Þar er einnig uppbovottur og er gert ráð fyrir skolvask við uppbovottavél auk þess er þar handlaug. Í afgreiðsluborði tengt eldhúsi er hitaborð. Ræsting er aðskilin ein fyrir matsala og önnur fyrir eldhúsi. Salerni eru kynjaskipt, annað fyrir hreyfihamlaða.

Þar sem matsalur tengist Selhelli 9 með göngubrú er gólfhæð hans sama og gólfhæð 2. hæðar Selhelli 9 eða k=17.20. Skrifstofu- og lagerbygging Selhelli 7 eru altur á móti í k=15.90, þar sem þær aðlagast aðliggjandi landhæð. Hæðarmun þessum er mætt með stiga og lyftu fyrir hreyfihamlaða. Gert er ráð fyrir sæti fyrir 56 manns. Til norðurs er útveggur matsals glerveggur. Það er gert til þess að fá sem mesta dagsbirtu inn í salin og mun þá lofthæð í salnum njóta sín að fullu. Allt gler sem nær niður að gólfi er samlitt öryggisgler.

Útiástaða.

Við suðvestur hlið matsalar verður skjólgóð aðstaða þar sem hægt verður að sitja úti við á góðviðrisdögum. Þar sem útsýni þaðan er ágætt til norðurs verða skjólveggir gerðir úr gleri. Tengt því innandyra er litill setukrókur.

Lagerbygging.

Í lagerbyggingunni við þá hlið er snýr að skrifstofuhúsum eru rými sem þurfa minni lofthæð, fataherbergi með skápum, baðherbergi, aðstaða fyrir lagermann, geymsla og lyftarahleðsluherbergi. Í því rými þarf að vera sturtu og niðurfali til afskolunar sýru er lekið gæti frá rafhlöðum. Stigi er upp á loft, þar verður meðal annars tölvuherbergi og rými fyrir loftskiptikerfi skrifstofu og matsalar.

Burðarvirki.

Burðarvirki lagers verður stálvirki en skrifstofuhúsið verður steinsteyppt með þakvirki úr stáli. Gert er ráð fyrir að geymslu / flokkunarsalur verði með lægra einagrunargild og að hitastigi í þessu rými verði ekki hærra en 18° C og gólf því aðeins einangrað 1 m inn á plötu frá sökkli með 75 mm frauðplasti. Einangrað er undir plötu og með sökklium í skrifstofurýmum með 75 mm frauðplasteinangrun. Þak hússins er borið uppi með stálspernum. Milli þeirra liggja yleiningar úr stáli með 200 mm steinullaeinangrun. Innra og ytra byrði úr stáli með tvöfalldri þéttingu á samskeytum, samkvæmt fyrirætlun framleiðanda. Útveggir lagers eru byggðir með RIP einingum sem og þak. Í skrifstofuhluta er létt niðurlengt loft. Lagnir eru utanálíggjandi og er húsið hitað upp með hitaveitu. Í loftræsikerfi í skrifstofu og matsal er blásið inn heitu lofti. Skrifstofa og matsalur eru hituð með gólfhitu. Hitablásrar verða í lagerbyggingu.

Loftræsting.

Skrifstofubygging: Öll íverurými eru loftræst með inn- og útsogi. Tryggt verður að lofthæði sé ávallt góð og CO2 magn fari ekki upp fyrir 0,08%. Miðað er við að lofthæði sé ekki minni en 7,0 l/s á persónu í viðkomandi rýmum. Grunnhitun húss er með öfnum og/eda gólfhitu. Hitasveiflur frá sólarálagi og fólki er tekið með loftræsikerfi. Gert er ráð fyrir varmaendurvinnslu. Í gluggalausum rýmum sem ekki eru íverurými er útsog og innstreymi dregið frá aðliggjandi rýmum. Lagerhúsnæði: Ekki er gert ráð fyrir vélrænni loftræstingu í lagerrými. Í gluggalausum rýmum sem ekki eru íverurými er útsog og innstreymi dregið frá aðliggjandi rýmum. Göngubrú. Göngubrú verður stálgrind með glerveggjum til beggja hliða. Þak verður lokað klett áli. Göngubrú verður upphituð. Gluggar og gler. Gluggar eru í samræmi við ÍST 40 og 41. Gler er tvöfalt, hljóðeinangrað í samræmi við byggingarreglugerð, m. K-gler eða samberlegt. Allt gler til suðurs verður sólstopppler. Allir gluggar eru álguggar. Innanmál úti- og innadyra er meira en 90 cm. Allt gler sem nær niður í gólfhæð er samlitt öryggisgler.

Bilastaði.

Samkvæmt skipulagi ætti að vera 1 staði/35 m2 fyrir skrifstofu og matsal eða 15 staði og 1 staði/150 m2 í lagerbyggingu eða 7. Samtals 22 staði. Á lóð eru 39 staði þar af 2 fyrir hreyfihamlaða. Þessi staði koma til viðbótar þeim staðum sem þegar eru fyrir á lóð Selhelli 9.

Sorp.

Sorp er í gámum inn í steypu gerði austan við matsal.

BRUNAVARNIR

Eftirfarandi brunavamalýsing er uppfærð af Brunahönnun slf í maí 2019 fyrir Selhelli 7, Hafnafríði, verk nr. 18-101. Lausnir eru skv. forskriftarákvæðum byggingarreglugerðar nr. 112/2012 og 350/2013 með rökstuddum frávikum. Sjá nánar um brunavarnir íkýrslu Brunahönnunar slf. nr. 18-101-bh02.

Flokkun og notkun byggingar

Byggingin verður í notkunarflokki 1 skv. byggingarreglugerð. Um er að ræða matsal, skrifstofur og lagerhúsnæði.

Notkunarskilmálar

Hámarksstöflun í lager er 5,5 metrar. Reiknað er með class I-IV vörum skv. NFPA 13 og stöflun í hillur eða á gólfi. Ef breyting verður á þessum forsendum þarf að endurskoða brunahönnun.

Brunahólfun

Byggingin er eitt meginbrunahólf, um 1665 m² en skiptist í nokkur brunahólf. Lager er sér brunahólf, um 1070 m² ásamt 90 m² milligólf. Skrifstofa, matsalur og tengd rými eru eitt brunahólf, um 505 m². Hleðslurými lyftara er sér brunahólf. Inntaksrými vatnsúðakerfis er sér brunahólf. Inntaksrými er sér brunahólf. Loftræsirými er sér brunahólf. Tækni- og tölvurými eru eitt brunahólf.

Burðarvirki

Burðarvirki lagers verður stálvirki en skrifstofuhúsið verður steinsteyppt með þakvirki úr stáli. Burðarvirki lagerhluta hússins verður stálrammar. Hæðarskil skulu vera a.m.k. REI30. Brunahólfandi veggir milli lagers og skrifstofuhluta er a.m.k. REI60 og burðarvirki í honum eldvarið a.m.k. R60. Í þeim tilfellum þar sem hætt er á miklu staðbundnu brunalági, t.d. þar sem vöturekkar eru við vegg þarf að verja burðarvirki þeirra svo þeir séu a.m.k. R60. Burðarvirki verður að öðru leiti ekki eldvarið sérstaklega.

Klæðningar

Klæðningar verða skv. ÍST EN 13501. Innanhusklæðningar verða almennt í flokki 1 og gólfefni í flokki G. Upphengd loft verða úr A-efnum. Brunahólfandi veggur milli lagers og skrifstofuhluta verður samlokueining með steinullaeinangrun og uppyflir a.m.k. EI60. Utanhúseinangar og þakcingar í lager eru PIR eingar í flokki B,s2-d0.

Flóttaleiðir

Hvergi er lengra en 30 m í næsta útgang eða næsta brunahólf. Frá lager eru átta óháðar flóttaleiðir, ein þeirra er inn í starfsmannarými og þaðan út, hinar eru beint út. Frá milligólfi er flóttaleið nr. 2 um fellistiga við útveg. Frá skrifstofurými eru a.m.k. þrjár óháðar flóttaleiðir, ein er út í gegnum starfsmannarými og þaðan beint út, önnur er út í gegnum matsal og þriðja er beint út. Frá matsal eru þrjár óháðar flóttaleiðir, ein er í gegnum skrifstofu, önnur er í gegnum göngubrú og þriðja er út um flóttahurð og þaðan niður stiga. Rafmagnsrennilurðir í anddyri skrifstofurýmis eru með vararafmagni.

Brunaviðvörðunarkerfi

Viðurkennt númerað brunaviðvörðunarkerfi verður í öllu húsinu skv. ÍST EN 54 og reglum Mannvirkjastofnunar. Stjórnstöð og yfirlitsmynd er við inngang skrifstofa. Kerfið verður tengt viðurkenndri vaktstöð.

Loftræsikerfi

Reiknað er með EI60-S bruna- og reyklokum milli almennra brunahóffa sem verða tengdar vaktbúnaði skv. DS 428. Þær skulu lokast við staðfest boð frá brunaviðvörðunarkerfi.

Reyklosun

Reyklosun frá lager er m.a. um tvær 2 m² reyklúgur sem verður hægt að opna með hnappi við stjórnstöð brunaviðvörðunarkerfis. Reyklúgur skulu vera í samræmi við ÍST EN 12101-2:2003. Einnig er reiknað með reyklosun verði um stórar vörulurðir. Reyklosun frá öðrum rýmum er almennt um hurðar og glugga.

Brunaslöngur og slökkvitæki

Brunaslöngur skv. ÍST EN 671 verða í öllum rýmum skv. teikningum. Slökkvitæki eru í byggingunni skv. ÍST EN 3 sbr. teikningar. Miðað er við t.d. 9 L létvatn í lager, 6 L létvatn í skrifstofuhluta og 5 kg kolsýra við rafmagnstöflur og í lyftarahleðslurými. Slökkvitækin skulu sett upp af viðurkenndum aðila. Staðsetning brunaslöngu og slökkvitækja skal merkt með til þess gerðum skiltum.

Vatnsúðakerfi

Vatnsúðakerfi verður hannað skv. NFPA 13. Vatnsúðakerfi á lager og tengdum rýmum er í áhættuflokki EH 2. Miðað er við að mesta stöflunarhæð fari ekki upp fyrir 5,5 m. Miðað er við class I-IV vörur í hillur eða á gólfi. Vatnsúðakerfi í matsal og skrifstofum er í áhættuflokki LH. Stjórnbúnaður er í sér brunahólf sem er utangengt. Tvíburatengi er staðsett utan við inntaksrými.

Út- og neyðarlýsing

Út- og neyðarlýsing verður sett upp í öllu húsinu skv. byggingarreglugerð, ÍST EN 1838, ÍST EN 50172 og öðrum tengdum stöðlum. Reikna skal með a.m.k. 5 lux í lyftarahleðslurými og inntaksrými sprinklers, 1 lux á flóttaleiðum og inntaksrými og 0,5 lux á lager og salernum fatlaðra. Útljós eru við alla útganga hússins.

Aðkoma slökkviliðs og slökkvivatn

Aðkoma er góð að byggingunni frá Selhelli og miðað er við að viðbragðstími slökkviliðs sé innan við 10 mínútur. Reiknuð slökkvivatnsþörf skv. leiðbeiningum Mannvirkjastofnunar er um 4300 l/mín í 90 mínútur.

Eftirlit og viðhald brunavarnarkerfa

Þjónustusamningar verður gerður um eftirlit og viðhald á brunavarnakerfum hússins (vatnsúðakerfi, brunaviðvörðunarkerfi, handvirkum slökkvibúnaði og út- og neyðarlýsingu). Sett skal upp eigið eftirlitskerfi brunavarna fyrir Selhelli 7.

Sambýkkt barn 23. maí 2019 Byggingafullgætt í 11. flokki

Table with columns for Skráningartafla, Landnúmer, Matshlutanúmer, Skrásetjari, Kennitala, Dags, and various area measurements (D0, D1, D2, etc.)

A: 13.05.2019 Ný skráningartaflla, breytt rúmmál, Texti með loftræstingu bættur við. Texti um brunavörn lagfærður.



Verkefni: Selhella 7

Afstöðumynd

Teikning nr. 000A Mál 1:500 Dags. 18.09.2018 Teiknað GP

Fiskislóð 31 Sími: 5511790 101 Reykjavík gpark@gpark.is gpark@arkitektar.is Arkitekt FAI



Digitally signed by Gunnar H. Kristjánsson DN: cn=Gunnar H. Kristjánsson, o=BRUNAHÖNNUN, ou=BRUNAHÖNNUN, email=gunnar.h.kristjansson@brunahonnun.is Reason: I am the author of the document Date: 2019.05.22 09:53Z